

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Pétur Ottesen, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Aftan við lögina bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur skortur á húsrými fyrir starfsemi Búnaðarfélags Íslands verið mjög tilfinnanlegur og háð starfi félagsins. Þetta hefur farið hraðvaxandi hin síðustu ár og þá meðal annars vegna þess, að æ bætast ný verkefni við. Alþingi og ríkisstjórn fela sífellt Búnaðarfélagi Íslands ný viðfangsefni. Má þar til nefna starfrækslu vélasjóðs, veiðistjórarstarf, svo að dæmi frá síðustu árum séu nefnd. Þetta hefur leitt til þess, að félagið hefur orðið að leigja húsnæði á þremur stöðum úti um bæ, og er þó svo ásett í húsi félagsins, Lækjargötu 14 B, að vart er viðhlítandi.

Samkomulag náðist fyrir nokkrum árum milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um að reisa í félagi hús yfir starfsemi beggja þessara samtaka bændastéttarinnar. Fyrir velvilja og skilning bæjaryfirvalda Reykjavíkur á þessu máli fékkst ágæt lóð á einhverjum glæsilegasta stað í Reykjavík, þ. e. við Hagatorg. Er nú hafin vinna við að reisa hús þar sameiginlega fyrir þessi sambönd bæði. Bygging þessi er mikil og mun að sjálfsögðu kosta stórar fjárhæðir, enda ætlum vér landbúnaðinum það rúm í framtíðarþjóðfélagi voru, að miðstöð félagsmálastarfsemi landbúnaðarins hafi húsnæði, er sé vel við vöxt um allangan tíma. Með það sjónarmið hefur verið hafizt handa um hið nýja heimili landbúnaðarins.

Á búnaðarþingi, er háð var í febrúarmánuði þ. á., kom fram frá fjárhagsnefnd svo hljóðandi tillaga:

„Búnaðarþing ályktar að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði í lögina ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.“

Þessi tillaga var samþykkt með 18 atkv. gegn 2.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, er haldinn var að Bifröst í Borgarfirði 3.—4. sept. s. l., kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Bifröst dagana 3. og 4. sept. 1958, ályktar að fela stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs verði breytt þannig, að sett verði inn í lögina ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á árunum 1958—1961, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbýggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra er í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjaldið, sem nú er.“

Þessi tillaga var samþykkt með 39 atkv. gegn 8.

Þessar ályktanir sýna ljóslega, að yfirgnæfandi fylgi frá fulltrúum þessara aðalfélagssamtaka bændastéttarinnar er fyrir því að hækka búnaðarmálasjóðsgjaldið næstu fjögur ár og nota það fé, er þannig fæst, til þess að létta undir kostnað við bygginguna.